# ÚTSVARSGREIÐSLUR HEIMILD: SAMBAND.IS

Fyrstu 9 mánuði þessa árs hafði Fjársýslan millifært útsvarsinnheimtur að upphæð 7,8 milljarða til sveitarfélaga á Suðurlandi en 7,2 milljarða fyrir sama tímabil í fyrra. Þetta er aukning um rúmar 900 milljónir eða 9,5%, en er 6,8% fyrir öll sveitarfélög á landinu og 6,6% ef Suðurlandið er ekki tekið með.

Aukningin á Suðurlandi er því 2,7 prósentustigum meiri en yfir heildina litið, sem er fagnaðarefni.

Yfir einstaka sveitarfélög er hlutfallsleg mest aukning í Ásahreppi milli þessara tveggja tímabila, nú og í fyrra, 27,6%, 12 milljónir í krónum talið.

Yfir heildina á Suðurlandi er hækkunin 56% en 46% fyrir öll sveitarfélög á landinu eða um 10 prósentu-stiga munur á aukningu útsvarstekna, sem er umtalsvert og má rekja til hærra atvinnustigs, aukinna umsvifa í atvinnulífinu og hækkandi launa. Afgerandi mest hækkun á þessu árabili 2008 til 2015 er á milli 2010 og 2011, 11.2% eins og sést á töflu hér neðar.



Töflurnar þrjár hér að neðan sýna **upphæð** útsvarsgreiðslna í milljónum króna og **hlutfallslega breytingu** þeirra frá árinu á undan fyrstu níu mánuði hvers árs frá árinu 2008, til ársins í ár. Og á næstu síðu er greitt heildarútsvar til sveitarfélags deilt niður á íbúa þess.

| Greitt útsvar til sveitarfélaga janúar til september - milljónir króna á verðlagi hv. árs | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag - Ár | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | Auikning frá 08-´15 |
| Hornafjörður | 472 | 475 | 551 | 637 | 656 | 649 | 716 | 278 |
| Vestmannaeyjabær | 1.041 | 1.130 | 1.305 | 1.469 | 1.476 | 1.379 | 1.550 | 631 |
| Sveitarfélagið Árborg | 1.626 | 1.612 | 1.759 | 1.880 | 1.993 | 2.142 | 2.339 | 794 |
| Mýrdalshreppur | 94 | 94 | 102 | 106 | 122 | 125 | 150 | 66 |
| Skaftárhreppur | 89 | 80 | 92 | 98 | 107 | 115 | 132 | 48 |
| Ásahreppur | 28 | 30 | 34 | 36 | 38 | 42 | 54 | 24 |
| Rangárþing eystra | 320 | 303 | 340 | 379 | 392 | 410 | 448 | 155 |
| Rangárþing ytra | 303 | 297 | 308 | 332 | 354 | 387 | 413 | 145 |
| Hrunamannahreppur | 119 | 115 | 140 | 151 | 164 | 185 | 199 | 83 |
| Hveragerðisbær | 454 | 455 | 485 | 529 | 556 | 582 | 655 | 212 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 414 | 428 | 467 | 513 | 516 | 558 | 582 | 177 |
| Grímsnes-og Grafn.hr. | 71 | 70 | 74 | 92 | 96 | 86 | 90 | 14 |
| Skeiða- og Gnúpv.hr. | 84 | 84 | 97 | 104 | 120 | 147 | 117 | 38 |
| Bláskógabyggð | 178 | 168 | 184 | 189 | 207 | 224 | 254 | 78 |
| Flóahreppur | 92 | 95 | 107 | 122 | 128 | 136 | 149 | 60 |
| **Samtals** | **5.386** | **5.435** | **6.045** | **6.638** | **6.925** | **7.168** | **7.848** | **2.802** |

| Hlutfallsleg breyting á upphæð útsvarsgreiðslna frá árinu áður - verðlag hvers árs | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag - Ár | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | *Frá '08-´15* |
| Hornafjörður | 8% | 1% | 16% | 16% | 3% | -1% | 10% | *63%* |
| Vestmannaeyjabær | 13% | 8% | 16% | 13% | 0% | -7% | 12% | *69%* |
| Sveitarfélagið Árborg | 5% | -1% | 9% | 7% | 6% | 7% | 9% | *51%* |
| Mýrdalshreppur | 12% | 0% | 9% | 4% | 15% | 2% | 21% | *78%* |
| Skaftárhreppur | 5% | -10% | 14% | 7% | 9% | 8% | 15% | *56%* |
| Ásahreppur | -3% | 6% | 11% | 8% | 6% | 10% | 28% | *83%* |
| Rangárþing eystra | 9% | -5% | 12% | 11% | 3% | 5% | 9% | *53%* |
| Rangárþing ytra | 13% | -2% | 4% | 8% | 7% | 9% | 7% | *54%* |
| Hrunamannahreppur | 3% | -4% | 22% | 8% | 9% | 13% | 8% | *72%* |
| Hveragerðisbær | 3% | 0% | 6% | 9% | 5% | 5% | 12% | *48%* |
| Sveitarfélagið Ölfus | 2% | 3% | 9% | 10% | 1% | 8% | 4% | *44%* |
| Grímsnes-og Grafn.hr. | -6% | -2% | 7% | 24% | 4% | -10% | 4% | *19%* |
| Skeiða- og Gnúpv.hr. | 7% | 0% | 16% | 7% | 16% | 22% | -21% | *48%* |
| Bláskógabyggð | 1% | -6% | 10% | 3% | 10% | 8% | 13% | *44%* |
| Flóahreppur | 3% | 4% | 12% | 14% | 5% | 6% | 10% | *67%* |
| **Samtals** | **7%** | **1%** | **11%** | **10%** | **4%** | **4%** | **9%** | ***56%*** |

| Greitt útsvar fyrstu níu mánuði hvers árs - **á hvern íbúa** - verðlag hvers árs - Þús. Kr. | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag - Ár | **2010** | **2011** | **2012** | **2013** | **2014** | **2015** | *Hlf. Br. frá ´10-´15* |
| Hornafjörður | 225 | 257 | 295 | 301 | 303 | 330 | *47%* |
| Vestmannaeyjabær | 274 | 312 | 351 | 346 | 323 | 364 | *33%* |
| Árborg | 206 | 226 | 240 | 253 | 268 | 285 | *39%* |
| Mýrdalshreppur | 196 | 218 | 226 | 254 | 254 | 283 | *44%* |
| Skaftárhreppur | 178 | 213 | 218 | 233 | 251 | 276 | *55%* |
| Ásahreppur | 151 | 168 | 191 | 202 | 201 | 245 | *63%* |
| Rangárþing eystra | 173 | 194 | 219 | 229 | 236 | 253 | *46%* |
| Rangárþing ytra | 195 | 207 | 220 | 230 | 249 | 268 | *37%* |
| Hrunamannahr. | 145 | 179 | 193 | 210 | 237 | 245 | *69%* |
| Hveragerðisbær | 195 | 213 | 233 | 241 | 249 | 271 | *38%* |
| Sveitarfélagið Ölfus | 224 | 243 | 266 | 271 | 294 | 297 | *33%* |
| Grímsn. og Grafn.hr. | 174 | 172 | 214 | 228 | 196 | 195 | *12%* |
| Skeiða- og Gnúpv.hr. | 168 | 190 | 208 | 223 | 282 | 224 | *34%* |
| Bláskógabyggð | 175 | 202 | 213 | 223 | 234 | 260 | *49%* |
| Flóahreppur | 161 | 175 | 191 | 201 | 219 | 240 | *49%* |
| **Samtals** | **209** | **234** | **256** | **264** | **271** | **291** | ***39%*** |
| ***Hlutfallsl. Breyting á milli ára*** | | ***12%*** | ***9%*** | ***3%*** | ***3%*** | ***7%*** | |
| *Heimild: Samband.is* | | | | | | | |